

Nd.

272. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um vegi nr. 57, 22. nóv. 1907.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1.

Annar tölulið í 3. grein laga um vegi 22. nóv. 1907, skal orða svo:

Frá vegamótum hjá Gljúfurá í Borgarfirði, um Norðurárdal, Bröttu-

brekku, Sökkólfssdal, Miðdali, Búðardal, um Hvammssveit, Svinadal og Saurbæ.
kringum Gilsfjörð, yfir Geiradal, um Króksfjörð, Reykhólasveit, Þorskafjörð,
Þorskafjarðarheiði og Langadal að Arngerðareyri við Ísafjörð.

2.

Þessi breyting á stefnu þjóðvegarins er bundin því skilyrði, að sýslu-
vegur verði gerður úr þeim kafla hans, sem fellur úr.

3. gr.

Landssjóður heldur núverandi þjóðvegarkafli við, þar til er lokið er
vegagerð frá Búðardal að Ljá, en sýslan veginum af Breiðamel að Búðardal.

4. gr.

Lög þessi ganga þegar í gildi.